

Fundur eigenda íbúðabréfa (HFF150644), haldinn 10. apríl 2025

Tillaga ÍL-sjóðs um breytingar á skilmálum

Fundurinn samþykkir að breyta skilmálum HFF44-bréfanna þannig:

Við skilmála HFF44-bréfanna bætist ný grein til bráðabirgða, grein 7.A (sérstakt uppgjör), svohljóðandi:

„7.A Sérstakt uppgjör

- (a) Að teknu tilliti til annarra ákvæða þessarar greinar er *útgefanda* til *lokadags* heimilt að greiða *kröfurnar* með því að afhenda *kröfuhöfum uppgjörseignirnar*.
- (b) *Uppgjörseignirnar* skulu afhentar *kröfuhöfum* í réttu hlutfalli við fjárhæðir *krafna*, sbr. þó g-lið og h-lið þessarar greinar.
- (c) Við *uppgjör krafna* skal dregin frá greiðslu í reiðufé í íslenskum krónum fjárhæð sem samsvarar:
 - (i) hvers kyns greiðslum vaxta, verðbóta og höfuðstóls á *HFF44-bréfin* á tímabilinu milli *viðmiðunardags* og viðkomandi *uppgjörsdags* (greiðslunar), og
 - (ii) fjárhæð sem samsvarar *vöxtum á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabanka Íslands* á greiðslunar frá greiðsludegi til viðkomandi *uppgjörsdags* reiknuðum samkvæmt *vaxtareglunni*, ogbætt við greiðslu í reiðufé í íslenskum krónum fjárhæð sem samsvarar:
 - (iii) hvers kyns greiðslum vaxta, verðbóta og höfuðstóls á aðrar *uppgjörseignir* en reiðufé á tímabilinu milli *viðmiðunardags* og viðkomandi *uppgjörsdags* (greiðslunar), og
 - (iv) fjárhæð sem samsvarar *vöxtum á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabanka Íslands* á greiðslunar frá greiðsludegi til viðkomandi *uppgjörsdags* reiknuðum samkvæmt *vaxtareglunni*.
- (d) Við *uppgjör* skal bætt við höfuðstól *uppgjörseigna* sem eru reiðufé í gjaldeyri (evrur) fjárhæð sem samsvarar einnar nætur innlánsvöxtum Seðlabanka Evrópu (e. *Deposit Facility Rate*)¹ á tímabilinu milli *viðmiðunardags* og viðkomandi *uppgjörsdags* reiknuðum samkvæmt *vaxtareglunni*.
- (e) Við *uppgjör* skal bætt við höfuðstól *uppgjörseigna* sem eru reiðufé í íslenskum krónum fjárhæð sem samsvarar *vöxtum á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabanka Íslands* á tímabilinu milli *viðmiðunardags* og viðkomandi *uppgjörsdags* reiknuðum samkvæmt *vaxtareglunni*.
- (f) Við skiptingu *uppgjörseigna* milli *kröfuhafa* skal tekið tillit til *virðismats uppgjörseigna fyrir uppgjör*, greiðslna samkvæmt c-lið og áfallinna vaxta samkvæmt d-lið og e-lið.
- (g) Við *uppgjör krafna* undir *lágmarksfjárhæðinni* skulu 25 hundraðshlutar (25%) greiddir með reiðufé í íslenskum krónum og 75 hundraðshlutar (75%) með verðtryggðum ríkisskuldabréfum með lokagjalddaga 2044 (RIKS 44).

¹ 2,50% þann 12. mars 2025.

- (h) Sé ekki unnt að afhenda einstökum *kröfuhöfum* heilar nafnverðseiningar *uppgjörseigna* sökum fjárhæðar *krafna* skal *útgefanda* heimilt að greiða það sem upp á vantar með reiðufé í íslenskum krónum og/eða öðrum *uppgjörseignum* og aðlaga greiðslur til annarra *kröfuhafa* samkvæmt því svo jafnræðis sé gætt.
- (i) Ákveði *útgefandi* að nýta heimild samkvæmt þessari grein skal hann senda tilkynningu þess efnis til *kröfuhafa* með sjö daga fyrirvara að lágmarki. Tilkynningin skal send til *kröfuhafa* samkvæmt því sem mælt er fyrir um í skilmálum *HFF-bréfanna*. *Útgefanda* er heimilt að hafa mismunandi *uppgjörsdaga* fyrir *uppgjör krafna* samkvæmt g-lið þessarar greinar og annarra *krafna*.
- (j) Við *uppgjör* samkvæmt þessari grein skulu *kröfurnar* niður falla.
- (k) *Kröfuhafar* skulu veita *útgefanda* fullnægjandi upplýsingar um banka- og vörslureikninga verðbréfa svo tryggja megi örugga afhendingu *uppgjörseigna* og samþykka fyrir sitt leyti að haft verði samband við reikningsstofnanir þeirra og upplýsingum miðlað vegna *uppgjör*sins. Verði greiðslu ekki komið til skila samkvæmt a-lið þessarar greinar vegna þess að ekki liggi fyrir upplýsingar um *kröfuhafa* skal *útgefandi*, eða sá sem kemur í hans stað, í 10 ár frá *uppgjör*sdegi varðveita greiðslur handa hlutaðeigandi á sérstökum reikningi, einum eða fleiri, hjá fjármálafyrirtæki.
- (l) Í grein þessari merkir:²
- (i) *HFF44-bréfin*: Skuldabréf (íbúðabréf, HFF150644), gefin út af ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður), að frátöldum þeim sem eru í eigu ÍL-sjóðs sjálfs. Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubríf sem bera 3,75% vexti á ári. Lokagjalddaga bréfanna er árið 2044.
- (ii) *Kröfuhafar*: Eigendur *HFF44-bréfanna*.
- (iii) *Kröfurnar*: *Kröfur* á hendur *útgefanda* samkvæmt *HFF44-bréfunum*, metnar að fjárhæð um 476.945 milljónir króna.³
- (iv) *Lágmarksfjárhæðin*: Krónur 1.200.000.000. Reynist fjárhæð *uppgjörseigna* í formi reiðufjár í íslenskum krónum of lág til að mæta skuldbindingum *útgefanda* samkvæmt þessari grein vegna framsals *krafna* er honum heimilt að lækka *lágmarksfjárhæðina* að því marki sem nauðsynlegt er.
- (v) *Lokadagur*: 14. júní 2025.
- (vi) *Uppgjör*: Ráðstöfun sem felst í því að *útgefandi* greiðir *kröfurnar* með því að afhenda *uppgjörseignirnar* til *kröfuhafa* í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
- (vii) *Uppgjör*sdagur: Sá dagur eða þeir dagar er *uppgjör* fer fram.
- (viii) *Uppgjörseignirnar*: Eignir sem taldar eru upp í töflu í viðauka.
- (ix) *Útgefandi*: ÍL-sjóður, kt. 661198-3629, Katrínartúni 6, 105 Reykjavík.
- (x) *Vaxtareglan*: Aðferð við vaxtaútreikning sem felur í sér að vextir séu reiknaðir miðað við raunverulegan fjölda daga á vaxtatímabili og 360 daga í ári (A/360).
- (xi) *Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabanka Íslands*: Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja hjá Seðlabanka Íslands sem

² Skilgreind hugtök eru til auðkenningar skáletruð í greininni.

³ Fjárhæð *krafnanna* endurspeglar virðismat *HFF44-bréfanna* á viðmiðunardegi. Við matið var greiðslufæði af bréfunum til lokagjalddaga núvirt með 3,1736% ávöxtunarkröfu.

Seðlabankinn ákveður samkvæmt 22. gr. laga nr. 92/2019, sbr. 10. gr. sömu laga.

(xii) *Virðismat uppgjörseigna fyrir uppgjör: Virðismat uppgjörseigna sem skal eiga sér stað tíu viðskiptadögum fyrir uppgjörsdag, þann síðari ef uppgjörsdagar eru fleiri en einn, eða síðar byggt á sömu forsendum og virðismat uppgjörseigna á viðmiðunardegi, sem fram koma í töflu, að breyttu breytanda.*

(xiii) *Viðmiðunardagur: 7. mars 2025.*

(xiv) *Viðskiptadagur: Sérhver dagur sem ekki er laugardagur, sunnudagur, helgidagur þjóðkirkjunnar eða annar almennur frídagur á Íslandi og bankar eru almennt opnir í Reykjavík."*

Skilmálar samkvæmt grein 7.A (sérstakt uppgjör) skulu niður falla þann 1. júlí 2025.

Ensk útgáfa tillögunnar gildir ef misræmi er á milli

Viðauki

Uppgjörseignir HFF150644

	Ávöxtunarkrafa ¹ / Gengi ²	Nafnverð	Virði á viðmiðunardegi
Ríkisskuldabréf			
RIKS 29 0917	3,1192%	17.000	17.632
RIKS 34 1016	2,8575%	23.000	24.675
RIKS 36 0815	2,7723%	34.000	37.353
RIKS 39 1115	2,6656%	34.000	37.982
RIKS 41 0815	2,6306%	50.000	57.165
RIKS 44 1017	2,5761%	50.313	58.405
RIKS 47 1115	2,5386%	48.000	56.708
RIKS 50 0915	2,5141%	47.000	56.707
RIKB 32 1015	6,9669%	56.000	57.611
			404.237
Önnur verðbréf			
HARP 46 0217	3,9091%	6.300	7.289
ISB CBI 30	3,4928%	4.320	6.136
LBANK CBI 28	3,9038%	6.660	9.546
LSS150434	3,9696%	6.096	5.299
			28.270
Reiðufé í gjaldeyri	146,54	€ 279,3	40.935
Reiðufé í íslenskum krónum			3.503
Samtals eignir afhentar			476.945

Allar fjárhæðir í milljónum og ISK nema annað sé tekið fram

¹Ávöxtunarkrafa afhentra ríkisskuldabréfa byggir á 5 daga meðaltali ávöxtunarkröfu á vaxtaferli ríkisskuldabréfa

²Gengi EUR byggir á 5 daga meðaltali á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands

Afhent ríkisskuldabréf

	Útgáfudagur	Lokadagur	Grunnvísitala	Vextir
Ríkisskuldabréf				
RIKS 29 0917	17.09.2024	17.09.2029	633,52	3,50%
RIKS 34 1016	16.10.2024	16.10.2034	633,07	3,50%
RIKS 36 0815	15.08.2024	15.08.2036	631,61	3,50%
RIKS 39 1115	15.11.2024	15.11.2039	633,14	3,50%
RIKS 41 0815	15.08.2024	15.08.2041	631,61	3,50%
RIKS 44 1017	17.10.2024	17.10.2044	633,03	3,50%
RIKS 47 1115	15.11.2024	15.11.2047	633,14	3,50%
RIKS 50 0915	15.09.2024	15.09.2050	633,48	3,50%
RIKB 32 1015	15.10.2024	15.10.2032	Óverðtryggt	7,00%